

# Sveinbjörn ferðabangsi.....

.....sem ferðaðist með Gunnbirni Gunnarssyni í 4. RG  
helgina 28.-30. nóvember 2008

## Ferðalag:

- Flataskóli
- Þjóðleikhúsið
- Reykjanesbær
- Garður
- Sandgerði



## Sveinbjörn ferðabangsi.

Föstudaginn 28. nóvember fékk ég Sveinbjörn að láni frá Flataskóla.

Við gerðum margt skemmtilegt þessa helgi.

Á föstudeginum fékk ég Sveinbjörn á bókasafninu og fórum við mamma með hann beint heim.



Sveinbjörn fékk að borða með mér, lærði með mér og fékk að horfa á sjónvarpið. Ég setti hann í önnur föt og svo í náttfötin áður en við fórum að sofa.




Erum við ekki flottir !!

Á laugardeginum fór ég með Sveinbjörn á jólaleikritið Leitin að jólunum í Þjóðleikhúsinu. Þar hittum við þessa álfa og sáum alvöru Grýlu. Hún var hræðileg.



Um morguninn fór ég líka með mömmu, Erlingi bróðir og frændum mínum í jólaföndur í Flataskóla. Það var mjög gaman.

Á sunnudeginum var ferðadagur. Þá fórum við í bíltúr um Suðurnesin. Við fórum í Keflavík, Njarðvík, Garðinn, og Sandgerði.



Við byrjuðum í Garðinum.....



..... og fórum á Byggðarsafnið við Garðsskagavita



Þar fengum við okkur jólaöl og skoðuðum okkur um á Byggðarsafninu, sem var orðið mjög jólalegt og skreytt. Við sáum líka hluta af leiknum Arsenal – Chelsea, sem endaði 2-1 fyrir Arsenal ☺ Við fórum líka upp að vitanum og skoðuðum hann.



Svo keyrðum við um og skoðuðum mikið skreytta garða og torg í.....

Garðinum,



Sandgerði,



og Reykjanesbæ.



Allir komust í mikið jólaskap og ég held að Sveinbirni hafi fundist gaman.

Þegar við komum heim héldum við pylsupartý með Sveinbirni og fórum í borðtennis og spiluðum á trommur. Það var svaka fjör.



Ég háttaði svo Sveinbjörn og setti hann í rúmið kl. 8. Hann var orðin svo þreyttur eftir skemmtilega helgi.



Mig langar alveg að eignast svona bangsa, ég sagði það við mömmu mína. Það er gaman að eiga svona góðan ferðafélaga. Kannski fæ ég bara Sveinbjörn í heimsókn einhvern tímann aftur þegar ég fer eitthvað skemmtilegt. Vonandi þegar ég fer næst til útlanda. Takk fyrir góða helgi Sveinbjörn og góða skemmtun í næsta ferðalagi sem þú ferð í ☺

Höf.: Gunnbjörn Gunnarsson  
4. RG.